



Fagstjóri meistaranáms

Háskólasætur Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf fagstjóra á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar. Við Háskólasetrið er kennd alþjóðleg, þverfagleg námsleið á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun (Coastal and Marine Management) í samstarfi við Háskólann á Akureyri, með um 20-25 innritaða nemendur á ári. Námsleiðin hóf göngu sína 2008, en 2019 bættist við sambærileg námsleið í sjávarbyggðafraeði. Háskólasetrið er vaxandi stofnun og verður núverandi fagstjóri áfram starfandi hjá Háskólasetrinu við rannsóknir.

Fagstjóri vinnur í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði og hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Fagstjóri skipuleggur kennslu, viðheldur tengslum við samstarfsaðila námsins og forleiðbeinir nemendum í meistaraþrifsritgerðum. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Fagstjóri þarf að fylgjast vel með lokaritgerðarvinnu nemenda í nánú samvinnu við leiðbeinendur og þarf til þess að hafa góða faglega yfirsýn sem og þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum í umhverfis- og auðlindastjórnun. Æskilegt er að fagstjóri hafi reynslu af að leiðbeina nemendum á meistarastigi. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér einhverja kennslu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Þverfræðileg menntun og/eða rannsóknarreynsla á viðeigandi sviði
- Meistarapróf eða doktorspróf
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Reynsla af rannsóknarvinnu og leiðbeiningu lokaritgerða æskileg
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta í íslensku er mjög æskileg

Nýr fagstjóri ætti að geta hafið störf á haustmisseri 2020. Upplýsingar veitir Peter Weiss, forstöðumaður, í síma 450 3045 eða weiss@uw.is

Umsóknir með ritaskrá og skrá yfir kennslureynslu og önnur akademisk störf, ef við á, sendist á Háskólasætur Vestfjarða og í tölvupósti á weiss@uw.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27.03.2020.